Tillögur starfshópsins

1. **Að samstarfsáætlanir leik- og grunnskóla feli í sér samstarfsverkefni sem miða að því að efla málþroska og læsi.**

   Verkefnin byggist á sameiginlegum áherslum beggja skólastiga en taki jafnframt mið af þeim aðferðum í námi barna sem best henta hvoru skólastigi fyrir sig með það að leiðarljósi að leikskólakennarar og grunnskólakennarar læri af vinnubrögðum hvers annars. Litið verði til þeirra verkefna sem þegar er komin reynsla á í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Þá hvetur hópurinn til þess að samstarfsáætlanir þessar nái einnig til frístundamiðstöðva.

2. **Að haldin verði námskeið sem miða að því að hvetja leik- og grunnskóla í sömu hverfum til að taka ný skref í samstarfi um málþroska og læsi.**

   Lögð verði áhersla á að kennarar samstarfsskóla á báðum skólastigum sæki námskeiðin saman. Á námskeiðunum verði m.a. kynnt samstarfsverkefni sem þegar hafa gefið góða raun, ásamt rannsóknum og verkefnum sem miða að því að efla málþroska og læsi á báðum skólastigum.

3. **Að skóla- og frístundasvið standi fyrir ráðstefnu um málþroska og læsi á mörkum skólastiga árið 2012, í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.**

   Á ráðstefnunni verði lögð áhersla á að fjalla um málþroska og læsi í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrám beggja skólastiga. Einnig verði horft til áhugaverðra verkefna og rannsókna, jafnt erlendra sem innlendra, sem tengjast málþroska og læsi.

4. **Við næstu úthlutun þróunarstyrkja verði lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem hafa það að markmiði að auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila um málþroska og læsi.**

   Litið verði til þeirra grunnþátta menntunar sem fram koma í nýjum aðalnámskrám og verkefnaáætlunar menntaráðs um læsi í víðu samhengi. Sem dæmi um verkefni, sem miða að því að efla málþroska og læsi í víðu samhengi, má nefna tölvutengd samstarfsverkefni þar sem nútíma samskipta- og tölvutækni er notuð, verkefni þar sem unnið er með málþroska og læsi í útikennslu og þau tengd umhverfis- og náttúrulæsi eða samstarfsverkefni sem miða að því að tengja nærumhverfið, menningu og daglegt líf við málþroska og læsi barna.

5. **Farið verði af stað með þróunarverkefni sem miðar að því að efla samstarf leik- og grunnskóla um málþroska og læsi barna með íslensku sem annað móðurmál í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ.**

   Mikilvægt er að þróa aðferðir í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku þar sem niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið, m.a. hér á landi, benda til þess að þeim vegni ekki nógu vel í námi síðar meir. Fyrirmyndin að verkefninu gæti verið starfendarannsóknin *Á sömu leið* en meginmarkmið verkefnisins væri að efla færni kennara á báðum skólastigum til að vinna með málþroska og læsi barna með íslensku sem annað mál á mörkum skólastiga um leið og hugað væri að öllum þeim þáttum sem hafa áhrif á tækifæri barna til náms. Lögð er áhersla á að huga að samstarfsflötum við frístundaheimili og nýta þá möguleika sem þar gefast í vinnu með málþroska og læsi.

6. **Að skipuð verði verkefnastjórn á skóla- og frístundasviði sem haldi utan um og fylgist með þróun samstarfs um málþroska og læsi á báðum skólastigum.**

   Verkefnastjórn komi með tillögur um efnisþætti námskeiða og leitist við að miðla upplýsingum til skólasamfélagsins um nýbreytni í samstarfi leik- og grunnskóla ásamt því að fylgjast með framgangi samstarfsverkefna.